



Borgarráð

**Tillaga að skipun fulltrúa í afskriftarnefnd**

Lagt er til að borgarráð skipi Jónas Skúlason, skrifstofustjóra bókhalds- og uppgjörs, kt. [REDACTED], fulltrúa í afskriftarnefnd Reykjavíkurborgar í stað Gísla Hlíðbergs Guðmundssonar, kt. [REDACTED]. Gísli Hlíðberg Guðmundsson hefur setið í afskriftarnefnd vegna starfa sinna sem borgarbókari en hefur nú látið af störfum. Lagt er til að breytingin taki gildi þann 1. febrúar 2024.

**Greinargerð:**

Tillagan byggir á innheimtureglum Reykjavíkurborgar, lið 4.7 um afskrift krafna, en þar kemur fram að í afskriftarnefnd sitji, meðal annarra, borgarbókari. Þar sem stöðugildið borgarbókari er ekki lengur hluti af skipuriti fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur meðfylgjandi tillaga verið lögð fram í því skyni að fylla skarð fráfarandi borgarbókara. Jónas Skúlason gegnir starfi skrifstofustjóra bókhalds- og uppgjörsskrifstofu sem fer með reikningshald og þau málefni sem áður heyrðu undir störf borgarbókara.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri